



Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, fimmtudagur, 13. apríl 2023
Tilvísun: 2023010026/33

Efni: Umsögn Barna- og fjölskyldustofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur, nr. 80/2018 (lögheimilisflutningur), 895. mál.

Barna- og fjölskyldustofa vísar til erindis frá nefndar- og greiningarsviði Alþingis, dags. 30. mars sl., þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur, nr. 80/2018 (lögheimilisflutningur), 895. mál. Þakkar Barna- og fjölskyldustofa fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um frumvarpið.

Barna- og fjölskyldustofa telur jákvætt að einstaklingar sem búa við ofbeldi í nánú sambandi geti breytt lögheimili sínu án samþykkis maka og fengið það dulið. En það getur verið hluti af ofbeldinu að neita maka um að flytja lögheimili sitt.

Varðandi möguleikann á að fá lögheimili sitt dulið áréttar Barna- og fjölskyldustofa mikilvægi þess að um sé að ræða bráðabirgðaurræði sem sé einungis nýtt þegar slíks gerist þörf til að tryggja öryggi. Fram kemur í frumvarpinu að sömu reglur muni gilda um heimildina um dulið lögheimili í þessum tilvikum og almennt tíðkast um dulið lögheimili skv. 12. gr. reglugerðar um lögheimili og aðsetur nr. 1277/2018, þ.e. staðfestingu lögreglustjóra um að einstaklingur og fjölskylda hans sé í hættu liggi fyrir þar komi fram alvarleiki hættunar og að heimildin gildi aðeins til eins árs í senn. Ekki er að sjá að fram komi upplýsingar um hvernig mat lögreglustjóra fari fram á þessum skilyrðum en telur Barna- og fjölskyldustofa mikilvægt að um undantekningu sé að ræða sem aðeins eigi við þegar til staðar er rökstuddur grunur. Barna- og fjölskyldustofa telur það sérstaklega mikilvægt þegar aðilar eigi börn saman til að slíkt sé ekki nýtt í forsjár- og umgengnisdeilu milli foreldra til að takmarka eða útiloka umgengni barns við annað foreldri sitt.

Barna- og fjölskyldustofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Barna- og fjölskyldustofu

Ásdís S. Ásgeirsdóttir

Ásdís S. Ásgeirsdóttir

